

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 197. fundur

Föstudaginn 4. júlí 2014 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd, Þönglabakka 4, Reykjavík og hófst hann kl. 8:00.

#### Mættir voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Einar Birkir Einarsson og Almar Guðmundsson

Fundinn sátu einnig Reynir Jónsson framkvæmdastjóri  
Fundarritari var Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri.

#### Tekið fyrir:

#### 1. Kosning stjórnarformanns og varaformanns til tveggja ára

Fulltrúi Mosfellsbæjar, Bryndís Haraldsdóttir var kosin formaður stjórnar Strætó bs. og fulltrúi Reykjavíkur, Kristín Soffía Jónsdóttir varaformaður stjórnar, til tveggja ára.

#### 2. Starfs- og siðareglur stjórnar yfirfarnar og kynntar

Gildandi starfsreglur frá 30. mars 2012, yfirfarnar og minniháttar breytingar ræddar eins og fækkun fulltrúa í stjórn vegna sameiningu Álftanes og Garðabæjar. Lagt er til að starfsreglurnar verða aðlagðar að breyttum aðstæðum og lagðar fyrir á næsta fundi stjórnar.

#### 3. Drög að starfsáætlun stjórnar lögð fram

Áætlun yfirfarin, tímasetningar fundar ræddar og ákveðið að fundir yrðu almennt síðasta föstudag mánaðar og hefjist kl. 8:30. Samþykkt var að hafa vinnufund stjórnar 15. ágúst nk. og að starfsáætlun yrði lögð fram aftur á næsta fundi stjórnar.

#### 4. Annað

- a. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni sem eru í gangi hjá fyrirtækinu.
  - i. Umfjöllun um aukin akstur á sunnudögum og öðrum helgidögum, minnisblað frá 28. maí 2014 lagt fram.
  - ii. Umfjöllun um aukin akstur á álagstímum og fyrirhugaðar breytingar á leiðakerfi, minnisblað frá 30. maí 2014 lagt fram. Ákveðið að þetta yrði tekið fyrir í fjárhagsáætlun fyrir 2015.
- b. Framkvæmdastjóri kynnti helstu verkefni sem þurfa að fá afgreiðslu í stjórn á næstunni.
  - i. Rafræn greiðslukerfi
  - ii. Uppbygging á gjaldskrá
  - iii. Útboð á akstri fyrir Ferðaþjónustu fatlaðs fólks
- c. Dómsmál – sem er í gangi kynnt fyrir nýrri stjórn.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Næsti fundur stjórnar var ákveðinn 15. ágúst 2014

Fundi slitið 10:00

\_\_\_\_\_  
Bryndís Haraldsdóttir

\_\_\_\_\_  
Kristín Soffía Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Theódóra S Þorsteinsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigrún Edda Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Einar Birkir Einarsson

\_\_\_\_\_  
Almar Guðmundsson